

"Léttgalið og skemmtilegt"



Það var glatt á hjalla í hópi einsöngvara og aðstandenda sýningarinnar á Eiðum skömmu fyrir lokaæfingu.

Óperustúdíó Austurlands frumsýndi óperuna Brúðkaup Fígarós á sunnudag á Eiðum. Sýningar verða sex talsins og eru hluti af tónlistarhátíðinni Bjartar nætur í júní 2001. **Steinunn Ásmundsdóttir** leit inn á æfingu á Eiðum.

AÐALHLUTVERK óperunnar eru tvímönnuð og skipta „settin“ sýningunum á milli sín. Einsöngvarar eru Sigrún Hjálmtýsdóttir, Ólafur Kjartan Sigurðarson, Ágúst Ólafsson, Xu Wen, Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir, Lindita Óttarsson, Þorbjörn Björnsson og Herbjörn Þórðarson. 28 manna hljómsveit sér um undirleik og óperukórinn er skipaður 16 söngvurum. Sýningin fer fram í hátíðarsal fyrrum Alþýðuskóla á Eiðum, sem tekur 185 manns í sæti. Salurinn hefur nánast verið endursmíðaður að innan og m.a. byggt stórt svið með svölum. Óperan er skrifuð af Lorenzo Da Ponte og tónlistin eftir Wolfgang Amadeus Mozart. Þetta er þriðja óperuuppfærsla Óperustúdíósins á jafnmörgum árum; Töfraflautan var flutt árið 1999 og Rakarinn frá Sevilla í fyrravor. Þegar Morgunblaðið bar að garði skömmu fyrir æfingu var bókstaflega allt á hvolfi í óperuhúsinu. Smíðir og sviðshönnuðir með verkfæri sín og önnur tól á lofti, ljósameistarinn í öngum sínum yfir sambandsleysi í móðurborði, blásarahópurinn að fara yfir sínar nótur undir hamarshöggum í hljómsveitargryfjunni og sýningarstjórinn á þönum við að halda sérhverju smáatriði í framkvæmdinni á hreyfingu. Fólki í ýmsum framandlegum klæðum þaut um gangana og leitaði hvert að öðru í ranghölum hússins. Stjórnandi óperunnar hafði veikst um nóttina, sem betur fer ekki alvarlega og mátti skynja dálítinn titring í mannskapnum vegna þess. Allt var þó augljóslega að ganga saman og feiknamikil orka og gleði í fólki, hvar sem eyru voru lögð við.

Ádeila á aðalinn

Ásta Bryndís Schram sýningarstjóri og nokkrir einsöngvaranna gáfu sér stundarkorn til að setjast niður og rabba við tíðindamann Morgunblaðsins um sýninguna. Ásta sagði uppfærsluna fremur klassíska. "Þetta fer fram á því tímabili sem Mozart var uppi, þannig að búningar og sviðsmynd eru í þeim stíl. Brúðkaupið er framhald af síðustu óperu sem við settum upp, Rakaranum í Sevilla og það er einmitt Fígaró sem er þessi rakari." Ólafur Kjartan og Herbjörn deila hlutverki Fígarós, Sigrún syngur þjónustustúlkuna Súsönnu, Kristín Ragnhildur greifynjuna og Ágúst mann hennar greifann.

Hvernig stendur á því að þessar sögur tvinnast saman; frá rakara Rossinis yfir í Fígaró Mozarts?

Ólafur Kjartan verður fyrir svörum. "Þetta eru þrjú frönsk leikrit sem voru bönnuð á sínum tíma. Þau þóttu gróf og eru hrein og klár pólitísk ádeila á aðalinn og þá

Þjóðfélagsskipan sem þá var ríkjandi. Það sem höfundurinn notar grófast í Brúðkaupi Fígarós er þessi réttur húsbóndans til að sinna væntanlegri brúður, þjónustustúlkunni Súsönnu, á undan eiginmanninum. Á þeim tíma var mjög sláandi að skrifa svona gagnrýni á vald aðalborinna manna yfir þjónustufólki. Um þriðja leikritið hefur einnig verið skrifuð ópera, sem raunar kolféll og liggur í gleymsku." Þegar spurt er um tónlist óperunnar, segir Sigrún hana algert eyrnakonfekt. Í henni séu mörg falleg, þekkt lög og aríur.

"Tónlist óperunnar er margslungin og að mörgu leyti flókin" segir Ólafur Kjartan. "Annar þáttur óperunnar endar til dæmis á einum flóknasta "Finale" sem ég held að þekkest í óperutónbókmenntunum. Hann er gríðarlega flókin bæði fyrir hljómsveit og söngvara og tekur fullar tuttugu mínútur. Mozart er þess eðlis að þegar hann rennur eins vel og verður hér, þá virkar þetta afskaplega einfalt allt saman, því melódíurnar eru þannig að þær fara inn í merginn á fólki."

Atvinnumenn og áhugafólk

En hvernig finnst þeim svo þessi samsuða af atvinnusöngvurum og söngnemendum, sem deila með sér hlutverkum óperunnar? Herbjörn, sem syngur hlutverk Fígarós á móti Ólafi Kjartani, segir það frábært að fá þetta tækifæri til að vinna með fólki sem veit virkilega hvað það er að gera. "Maður gleypir í sig hvert einasta smáatriði og lærir svo margt, ekki síst að gefa af sér í sýninguna til að gera hana lifandi." Ásta segir frábærast að horfa á andlitin, augun, þessa hluti sem skipta svo miklu máli og geta breytt öllu.

Júlía Wramling, sem syngur Kerúbínó, Ágúst sem fer með hlutverk greifans og greifynjan Lynditta, benda á að andrúmsloftið í Óperustúdíóinu sé mjög alþjóðlegt og fólkið með víðtæka reynslu. Hér er fólk frá öllum heimshornum auk Islands; Svíþjóð, Albaníu, Kína, Króatíu og Bandaríkjunum og þau hafa mörg lært og sungið vítt og breitt um jarðkringluna.

Þau eru spurð hvort þau fari oft í svona tveggja vikna gjörgæsluverkefni og segir þá Sigrún að bragði að menn fái nú í óperuhúsum yfirleitt sex vikur á þeirri gjörgæslu.

Er ekki fremur ævintýralegt að vera við óperuvinnu á Eiðum?

"Í tvö þúsund manna bæjarfélagi!" segir Sigrún og skellihlær og Ólafur Kjartan segir að þetta sé alveg dásamlega léttgalið og einmitt þess vegna svo skemmtilegt. "Þess vegna var ég til. Af því að þetta var svo galið!" segir Sigrún. "Maður var náttúrliga búinn að heyra af Rakaranum í Sevilla og Töfraflautuna árið þar á undan og auðvitað flýgur fiskisagan um að hér sé eitthvað mjög spennandi að gerast. Ég var þrjá vetur í Söngskólanum í Reykjavík að læra að syngja, sem var alveg ágætt. En maður fékk nánast engin tækifæri til að fara neitt með þennan blessaða söng sinn. Ég tók aldrei þátt í uppfærslum af einu eða neinu tagi. Það sem ég dáist svo að, er að hér er fólk að læra að syngja og núna lýkur vetrinum á glæsilegri óperuuppfærslu með hljómsveit og öllum pakkanum. Ég veit bara ekki hverju maður á líkja þessu við, þetta er sjálfsagt á við tvö hundruð söngtíma. Þessar tvær vikur eru ómælanlegar." Hann bætir við að sú vinna sem fram fari hjá Óperustúdíóinu sé afar góð á alþjóðlegan óperumælikvarða.

"Kannski verða Eiðar aðalóperustaðurinn í landinu" segir Kristín Ragnhildur.

